

Leískólinn Hraunheimar leitar að leískólakennurum

Ertu skapandi, metnaðarfull(ur) og með brennandi áhuga á að vinna með börnum í umhverfi þar sem leikurinn er í forgrunni?

Leískólinn Hraunheimar í Þorlákshöfn er fjögurra deilda leískóli sem mun opna 1. september 2025. Við leggjum áherslu á að skapa umhverfi þar sem börn læra í gegnum leik, þróa hæfni sína á fjölbreyttum sviðum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Hugmyndafræði leískólans byggir á læsi í víðu samhengi þar sem lögð er áhersla á eftirfarandi læsisþætti:

- ❖ Félags- og tilfinningalæsi
- ❖ Umhverfis- og samfélagslæsi
- ❖ Stafa- og stærðfræðilæsi
- ❖ Heilsulæsi
- ❖ Faglegt læsi starfsmanna og foreldra

Starfsmenn leískólans munu vinna saman í teymum, þvert á deildir með það að markmiði að efla faglegt læsi starfsmanna, viðhalda og þróa stefnu leískólans og byggja upp öflugt lærðómssamfélag þar sem allir starfsmenn hafa rödd og fá tækifæri til að læra hverjir af öðrum.

Hægt er að lesa meira um hugmyndafræði Hraunheima [hér](#).

Um er að ræða 80-100% stöðu og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf **15-20. ágúst** næstkomandi, jafnvel fyrr. Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Helstu verkefni og ábyrgð

- ❖ Vinna að uppeldi og menntun leískólabarna samkvæmt starfslýsingu.
- ❖ Skipuleggja og framkvæma fjölbreyttar náms- og leikjastundir í samræmi við stefnu leískólans.
- ❖ Hlúa að jákvæðum samskiptum, vellíðan og félagslegri færni barna.
- ❖ Vinna í góðu samstarfi við börn, foreldra og samstarfsfólk.
- ❖ Taka þátt í teymisvinnu þvert á deildir.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ❖ Leyfisbréf kennara eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- ❖ Reynsla af vinnu í leískóla æskileg.
- ❖ Áhugi og vilji til að vinna í anda læsis í víðu samhengi.
- ❖ Góð samskiptahæfni, jákvæðni og skipulagshæfni.
- ❖ Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi.
- ❖ Góð íslenskukunnáttu

Við bjóðum

- ❖ Einstakt tækifæri til að taka þátt í innleiðingu á stefnu í nýjum leískóla

- ❖ Góðan stuðning í starfi, tækifæri til símenntunar og faglegs vaxtar.

Fáist ekki starfsmenn með leyfisbréf til kennslu, kemur til greina að ráða háskólamenntaðan einstakling eða einstakling með reynslu af starfi með börnum, sbe. Lög nr 95/2019.

Skilyrði að viðkomandi geti framvísað hreinu sakavottorði.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2025.

Nánari upplýsingar veita:

Hrafnhildur Hlín, leikskólastjóri, og Jóhanna Margrét, sviðstjóri Fjölskyldu- og fræðslusviðs í síma 480-3800 eða í tölvupósti á hrafnhildurh@olfus.is / jmh@olfus.is

Ef þú vilt taka þátt í að byggja upp framsækinn leikskóla með sterka menntastefnu, þá er þetta tækifærið fyrir þig!